



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 27. janúar 2025
24042789/003.01 SSF

Efni: Breytingar á persónuverndarsamþykkt.

Í 78. tl. og 2. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016, sem leidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er mælt fyrir um að ábyrgðaraðili, eins og Kópavogsbær sem sveitarfélag, ætti að setja sér háttænisreglur eða innri stefnu og innleiða ráðstafanir til að geta sýnt fram á að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar.

Í samræmi við þessa skyldu hefur Kópavogsbær haft í gildi persónuverndarsamþykkt frá 13. nóvember 2018. Sú samþykkt var endurskoðuð og breytt þann 26. október 2021 og er nú komið að næstu endurskoðun hennar. Erindi þetta var áður lagt fyrir bæjarráð í júní 2024 og var erindinu þá frestað.

Framlögð drög að breytingum á persónuverndarsamþykktinni eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar, breytingar til að auka skýrleika og til að færa samþykktina að því hvernig vinnslu er í raun og veru háttað. Þar sem átak hefur verið gert í skilum deilda á vinnsluskrám til persónuverndarfulltrúa hefur betri yfirsýn náðst yfir vinnslur og er sérstöku ákvæði bætt við samþykktina um vinnsluskrár. Gerð er betri og skýrari grein fyrir heimildum sem sveitarfélagið byggir vinnslur sínar á og tekur út tvítekningar. Þá er ákvæði um ábyrgð á vinnslu breytt og gert ítarlegra og skýrara. Að lokum er lagt til að samþykktin verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti og fylgi þannig ferli um endurmat stefna.

Lög á sviði persónuverndar hafa ekki tekið neinum breytingum síðustu ár sem kallað hafa á breytingu samþykktarinnar og er því hér eins og áður segir fyrst og fremst um að ræða breytingar vegna orðalags og skýrleika.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarlögmanns

Steinn Finnbogason
Lögfræðingur